

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Illagil 17, L209154 og Illagil 19, L209155.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að skilmálabreyting fyrir lóðirnar Illagil 17 og Illagil 19 er varðar hámarksbyggingarmagn á lóðum, mænishæð og aukahús á lóð er breytt innan deiliskipulagssvæðisins í heild.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. júní 2022.

Deiliskipulagsbreyting, Kiðjaberg lóð 110, L198885.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að lóðin stækkar til vestur um 1.000 m² og verður 6.000 m² að breytingu lokinni.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. júní 2022.

Deiliskipulagsbreyting, Gíslabraut 1, L194306 og Gíslabraut 3, L169841.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að lóðamörk á milli lóða Gíslabrautar 1 og 3 breytast.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. júní 2022.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 27. júní 2022.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 11. júlí 2022